

Rektor setti fund kl. 12.45.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir, nemi, fulltrúi heildarsamtaka nemenda við HA
Baldur Guðnason, forstjóri, fulltrúi menntamálaráðuneytis
Ólöf Nordal, alþingismaður, fulltrúi menntamálaráðuneytis (í síma, undir lið 1 á dagskrá)
Þóroddur Bjarnason, prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Guðrún M. Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Rektor bauð nýtt háskólaráð velkomið til starfa og lýsti ánægju sinni með skipan þess og kynnti dagskrá.

1. Val fulltrúa í háskólaráð, sbr. Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.

"[málsnúmer]"

Rektor bar fram tillögu um tvo fulltrúa í háskólaráð, sem kosnir eru af þeim sem fyrir eru, sbr. 6. gr. laganna.

Þeir eru: Páll Skúlason, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, og Helga Hlín Hákonardóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Saga Capital hf. Með þessari tillögu sagði rektor að reynt væri að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings enda væri hér um að ræða framúrskarandi einstaklinga á sínu sviði.

Opnaði rektor umræðu um tilnefningarnar.

Ólöf Nordal og Baldur Guðnason sögðust styðja tillögu rektors. Páll væri óumdeildur vegna fræði- og stjórnunarstarfa sinna við háskóla og Helga Hlín væri verðugur fulltrúi atvinnulífs sem HA vildi vera í sem bestum tengslum við. Aðalheiður Ámundadóttir tók undir þessi sjónarmið og sagðist styðja tillögu rektors. Þóroddur Bjarnason kvaðst hafa búist við meiri umræðu um val á þessum tveim fulltrúum enda hafi HA frjálssar hendur þar um. Hann nefndi dæmi um ýmsa einstaklinga sem mögulega fulltrúa, eftir því hvers konar styrking það væri sem háskólaráð sæktist eftir.

Að loknum umræðum var tillaga rektors um Helgu Hlín og Pál Skúlason sem fulltrúa í háskólaráð samþykkt með fjórum atkvæðum.

Þóroddur sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Hann gerði grein fyrir atkvæði sínu og óskaði eftir því að eftirfarandi verði bókað í fundargerð:

„Samkvæmt lögum um opinbera háskóla er okkur veitt sú ábyrgð að velja sameiginlega tvo fulltrúa til viðbótar í háskólaráð í því skyni að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings. Það kemur mér mjög á óvart að rektor sem formaður háskólaráðs skuli leggja hér fram til atkvæðagreiðslu tillögu um tvo fulltrúa án þess að tillagan hafi verið kynnt fyrir fundinn og án þess að gert sé ráð fyrir umræðu um hvaða þekkingu eða reynslu sé eftirsóknarvert að bæta við þann hóp sem fyrir er í

háskólaráði. Ég ber fullt traust til þeirra tveggja einstaklinga sem rektor hefur tilnefnt og sé enga ástæðu til að greiða atkvæði gegn þeim. Mér þykir þessi málsmeðferð hins vegar með öllu ófullnægjandi og mun því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu."

Rektor stakk upp á að Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, yrði kosin varamaður Helgu Hlínar og Páls. Var það samþykkt. Þóroddur sat hjá af sömu ástæðu og áður var gefin.

Ákveðið var að halda fyrsta fund fullskipaðs háskólaráðs 7. nóv. kl. 9.00

2. Yfirlýsing rektora íslenskra háskóla.

"[málsnúmer]"

Rektor kynnti efni yfirlýsingarinnar sem gerð var á fundi í Reykjavík 20. október 2008 og dreift til allra fjölmiðla. Háskólinn á Akureyri hefur opnað leiðir til að nýir nemendur geti skráð sig í nám um áramót, og auglýst það. HA er auk þess aðili að teymi með Akureyrarbæ og fleirum sem býður upp á ráðgjöf og leiðir til úrlausna fyrir einstaklinga vegna efnahagsvandans.

3. Rekstraryfirlit janúar – september 2008.

"[málsnúmer]"

Ólafur gerði grein fyrir yfirlitinu. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 922.908 m. kr. og er það mjög nálægt áætlun fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Með áframhaldandi aðhaldi í rekstri háskólans er gert ráð fyrir að niðurstaða ársins verði í samræmi við áætlun.

Dreift var ljósritum úr fjárlagafrumvarpi 2009, og umræða varð um þau. Þóroddur benti á að framlög til rannsókna til HA eru lág tala hlutfallslega.

Rætt var um að á næsta fundi háskólaráðs lögju fyrir drög að kostnaðaráætlun HA 2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.35.